Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
gleði | frumkvæði | sköpun

Leikskólinn Skerjagarður

2022 – 2023

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans 3

1 Greinargerð leikskólastjóra 4

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 6

3 Innra mat deilda 11

4 Innra mat sérkennslu 15

5 Innra mat – fjöltyngd börn 16

6 Starfsþróunnarsamtöl og fræðsla 17

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar 18

8 Foreldrasamvinna 19

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 20

10 Fylgigögn 20

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs 20

Leikskólinn Skerjagarður

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Rekstraraðilar eru Sóldís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson. Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla.
Leikskólinn Skerjagarður er tveggja deilda. Á síðasta skólaári voru 50 börn í skólanum, öll í heilsdagsvistun. Á Bóli sem er yngri deildin eru börn á aldrinum sextán mánaða til tveggja og hálfs árs. Á Bakka sem er eldri deildin eru börn á aldrinum tveggja og hálfs árs til sex ára.

Á Skerjagarði er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira. Það sem einkennir okkur á Skerjagarði er að við leggjum okkur fram við að skoða okkur í starfi, taka framförum og höfum metnað til að gera faglegt starf betra.

Leiðarljós leikskólans

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru *,,staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“.* Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Á síðasta skólaári unnum við markvist eftir umbótaáætlun ársins á undan. Þó tímarnir hafi verið óvenjulegir vegna covid og þónokkuð var um veikindi kennara hér á Skerjagarði þá hefur starfið einkennst af miklum metnaði og fagmennsku. Alltaf var haldið í gleðina og haldið var uppi skipulögðu starfi. Við gerðum okkar besta við að meta starfið jafnóðum.

Við fléttum okkar kennsluhætti við grunnþætti menntunar. Við teljum okkur vera góð í skapandi starfi, unnið var með hugmyndir barnanna, þau komu með tillögur að verkefnum sem voru framkvæmdar. Við leggjum áherslu á lýðræði og að raddir barnanna fái að heyrast. Gaman hvað kennurum tókst að vinna eftir umbótaþætti síðasta árs t.d málörvunnar verkefnið ,,Lubbi finnur málbein“ gekk vel og tókst að samræma almenna notkun Lubba á báðum deildum. Tekið var saman smádót í kassa fyrir hvert málhljóð og í þeim eru hlutir sem tengjast málhljóðinu. Okkur finnst mikilvægt að hafa málhljóðin áþreifanleg og hafa sýnilega hluti sem börnin geta komið við og fengið að skoða. Verkefnastjórar tóku saman efni fyrir hvert málhljóð, gerðu áætlun og fylgdu því eftir inn á deildar. Það kom vel út og sýnir að það er gott að dreifa ábyrgð á milli starfsmanna.

Lubba verkefnið var sýnilegt inn á deildum og foreldrar fengu alltaf upplýsingar um hvaða málhljóð væru tekin fyrir. Börnin tóku virkan þátt og komu með ýmislegt að heiman sem tengjast málhljóðinu, t.d var komið með ananas, mynd af afa, málverk og fleira kemmtilegt, gaman að geta tengt og skapað umræður heima fyrir um Lubba.

Kennurum tókst að vinna eftir umbótaþætti síðasta árs, allt var sýnilegt og fléttaðist það inn í allt starf með áherslu á læsi. Við vorum með bókaviku, það skilaði sér vel heim til barnanna því þau komu með bækur í skólann og var lestur bóka meiri en verið hefur. Lesið var reglulega yfir daginn, og voru bækur til dæmis skoðaðar yfir morgunmatnum. Við teljum bókavikuna vekja áhuga hjá börnunum um lestur bóka.

Deildarstarfið á Bóli sem er yngri deild skólans fór vel af stað, aðlögun nýrra barna gekk vel . Þetta er annar veturinn sem deildin er aldursskipt í flæði og hópastarfi sem kemur vel út og yfirsýn yfir barnahópinn betri. Skapandi starf á síðasta skólaári var gott á Bóli, starfsmenn voru áhugasamir og virkir í starfi með börnunum. Unnið var í myndsköpun og með skapandi efniviið. Við gerðum breytingar á deildinni til að örva skynjun, gerður var skynjunarveggur og unnið var með sullker á fjölbreyttan hátt. Meiri skapandi efniviður var aðgengilegri á deildinni sem gerði alla vinnu auðveldari í leik og starfi með börnunum.

Umbótaþátturinn á síðasta ári var að kennarar fyndu sig öruggara í starfi. Sá þáttur gekk ágætlega, við settum myndir í möppur sem kennarar gátu skoðað og nýtt í starfi með börnunum. Eins erum við með facebook síðu starfsmanna þar sem við setjum myndir af verkum barnanna og hugmyndir af útikennslu og fleira. Við eigum okkar hugmyndabanka sem kennarar geta nýtt sér. Mikilvægt er að allir kennarar geti sýnt frumkvæði í starfi með börnunum.

Það má líka segja að við horfum ekki á afurðir sem markmið heldur ferlið að börnin fá að flæða milli svæða. Leikurinn er allsráðandi á Bóli og auðvitað opin efniviður. Börnin fá tækifæri til að kanna og rannsaka umhverfi sitt.

Unnið var með sögukassa, þar sem kennarar segja sögur. Í kössunum voru hlutir sem tengjast sögugerð. Stundirnar vekja mikla gleði hjá börnunum. Því vaknaði áhugi að fara á námskeið í storytelling, farið var í þeim tilgangi í námsferð til Brighton.

Deildarstarfið á Bakka fór vel af stað á þessu skólaári. Hugmyndavefur og markmið voru strax skýr í upphafi. Eldri hópurinn tók fyrir verkefnið hafið, enda er mikið farið í vettvangsferðir niður í fjörunna hér í Skerjafirði og söfn heimsótt. Það var ánægjulegt að sjá hversu kennarar hafa dýpkað sig í könnunaraðferðinni. Allur efniviður var aðgengilegur fyrir alla, bækur og vefurinn var sýnilegur og stöðugt ný þekking að bætast við vefinn. Viðfangsefnið fléttaðist inn í allt starf og leik barnanna. Útfrá þessu verkefni kom skipa-og bátaáhugi, myndir voru settir á veggina af bátum og skip teiknuð. Gerðir bátar úr verðlausum efnivið og leikið með þá í fjörunni.

Það var tekin pása á þessu verkefni þar sem ein bók (Verkstæði Villa) vakti mikinn áhuga barnanna, úr varð mjög spennandi verkefni. Börnin gerðu vélmenni stór og smá. Gaman að sjá hvað ein bók getur kveikt mikin áhuga hjá þeim. Það er alltaf mikilvægt að nýta kveikjuna og vinna með áhuga barnanna þegar hugmyndir þeirra vakna, hér og nú. Þau voru ekki í vandræðum með hvaða efnivið væri hægt að nota, því pabbi eins barnsins var nýbúin að taka til í bílskúrnum. Sameiginleg ákvörðun í barnahópnum að allir kæmu með efnivið í skólann. Í þessu verkefni var mikil samvinna og lýðræði var alls ráðandi.

Vináttuverkefnið Blær er hluti af starfi Skerjagarðs, þar sem við ræðum um vináttu og hversu mikilvægt sé að koma vel fram við aðra. Í skólahóp lá einu barninu mikið á hjarta, því hann hafði heyrt hræðilega hluti um forseta Úkraínu og stríðið þar. Börnin ákváðu því að semja bréf og senda til forseta Rússlands. Þau voru líka viss um að hann hefði aldrei farið í Blæstund þegar hann var lítil því það hefði hjálpað honum að læra um vináttu. Gerð var stór vinakeðja sem náði um alla deildina. Skemmtilegt og fallegt verkefni. Blær fer reglulega heim með börnunum og honum fylgir samskiptabók. Góð leið í samstarfi heimilis og skóla.

Barnamenningahátíðin er alltaf jafn skemmtileg, börnin tóku þátt fóru í tónskólann og sungu í Höpunni. Þau unnu vel með lögin og textana hans Ladda með tilliti til læsis.

Umbótaþáttur á næsta skólaári verður skráning á Bóli. Við ætlum að skoða og ígrunda hvernig við skráum leik barna, í flæði og í skapandi starfi. Mikilvægt er að meta hvernig við viljum hafa skráninguna þar sem við fylgjumst með þroska og leik barnanna. Hvernig við viljum hafa okkar ferilsbækur til þess að fylgjast með námi og þroska.

Umbótaþátturinn á Bakka verður að skoða og þróa flæði, börnin fái meira frelsi til að velja sitt viðfangsefni, leiksvæði og hvar þau sitja í samverustund. Þessi þáttur kom skýrt fram hjá börnunum þegar þau voru fengin til að meta starfið í vetur. Þau vilja meira flæði og geta valið sér leiksvæði í flæðinu. Eins vilja börnin meira lýðræði eins og í matartíma og samveru. Því ætlum nýta okkur þessa þætti í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Næsta skólaár stefnum við á að taka þætti fyrir í skólanámskrá, endurskoða, betrum bæta, aðlaga hana að stefnu, hugmyndfræði og útfrá menntastefnu Reykjavíkuborgar.

Þrátt fyrir óvenjulegt skólaár hefur verið mikil metnaður í skólanum og allir að leggja sig fram við hafa skólastarfið faglegt og að öllum í skólasamfélaginu líði vel.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Í heildarmati skólans gekk okkur ágætlega með leiðbeiningaviðtölin, við náðum aðeins að yfirfara og betrum bæta eftir deildum og reynslu nýrra starfsmanna. Þessa vinnu þarf að halda áfram á næsta skólaári með tilliti til þessara þátta. Gekk vel að innleiða Lubba, við byrjuðum strax á námskeiði um haustið. Ákveðnir hópstjórar tóku að sér að skipuleggja Lubbastundir og finna til málhljóð vikunnar og kynna það á deildunum.

Innra mat 2021-2022

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun **Yfirfara leiðbeiningaviðtölin sníða þau betur eftir starfinu í dag og deildunum.**	Með fundum stjórnenda, leikskólast. Og aðstoðarst.	Stjórnendur skólans ásamt deildarstjórum.	Fórum yfir leiðbeingaviðtölin og aðlöguðum yngri og eldri deild. Marvissara farið yfir starfið deildunum. Hentar betur aldurshópum.
Uppeldis- og menntastarf **Metið lubbastundir hvernig tókst að innleiða og skipleggja stundirnar.**	Með gátlista á deildarfundum. Í stundunum sjálfum.	Starfsmenn skólans. Eldri börn skólans. Foreldrar tóku þátt í foreldraviðtölum.	Almenn ánægja með hvað gekk vel að samræma vinnuaðferðir. Málhljóð vikunnar var alltaf sýnilegt foreldrum og börnum. Við ætlum að halda áfram með þessa umbótaþætti.
Allir fái tækifæri til að tjá sig. Ná til allra starfsmanna.	Í starfsviðtölum og deildarfundum.	Allir starfsmenn skólans.	Fólk tjáði sig í byrjun starfsfundar/deildarfundar hring umræður. Tækifæri til umbóta halda áfram á næsta starfsári.

Styrkleikar Lubbi:

- Lubbastundir hjá öllum hópum gekk vel voru þær einu sinni til tvisvar í viku. Það var almenn ánægja með þau kennslugögn sem voru til staðar. Bókin var lesin og lögin sungin, einnig var stuðst við myndbönd af lögunum sem þótti góð viðbót við stundirnar. Starfsfólk talaði um að það sæi mun á börnunum hvað varðaði þátttöku þeirra í stundunum og það hjálpaði þeim að nota hreyfingar með málhljóðunum. Það eru allir sammála að halda afram með þessar stundir og bæta við í stundirnar Lubbakössunum sem voru útbúnir fyrir þetta verkefni.

Tækifæri til umbóta:

- Við ætlum að vinna með þennan umbótaþátt þróa hann enn betur og nota málhljóðakassana.
- Meta reglulega hvernig þessar stundir ganga og hvort efniviðurinn sé vel nýttur.

Styrkleikar jákvæð samskipti:

- Umbótaþátturinn, jákvæð samskipti og allir hafa rödd gekk ágætlega í byrjun skóláars við byrjuðum fundi á að hver og einn fékk tækifæri til að tjá sig. Það var til dæmis þegar verið var að taka ákvarðanir þá voru allir beðnir um segja frá og tjá sig. En síðasta skólaár var óvenjulegt með tilliti til veikinda kennara og covid. Við hefðum vilja hafa fleiri fundi, þess vegna þarf að halda áfram með þessa umbótarþætti til að gera þá enn betri.

Tækifæri til umbóta:

- Halda áfram með jákvæð samskipti á deildar- og starfsmannafundum. Allir fundir byrja eins og fólk fær tækifæri á að tjá sig og koma með tillögur.

Ytra mat 2021-2022

Foreldrakönnun.

Út frá ytra mati sem var gert árið 2020 af skóla og frístundasviði sem kom einstaklega vel út, var einn þáttur sem foreldrar vildu leggja áherslu á, þá var það meira upplýsingaflæði. Við lögðum áherslu á það í okkar starfi síðastliðin tvö ár að bæta það og fá foreldra meira inn í hvað við erum að gera hverju sinni.
Það gekk vel að leita eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum og börnin tóku þátt í því með okkur og vildu koma með efnivið að heiman. Eins með málhljóðin í Lubba þá tóku foreldrar virkan þátt.
Við ákváðum að gera sjálf litla foreldrakönnun á þessu skólaári til að vita hvar við stæðum í sambandi við upplýsingaflæðið á milli heimilis og skóla. Einnig vildum við kanna hug foreldra varðandi þætti sem snúa að ferðum og viðburðum sem foreldra taka þátt í með okkur. (sjá fylgiskjöl)
Við fengum staðfestingu á því að foreldrar eru almennt ánægðir með upplýsingaflæðið milli heimilis og skóla. Eins vildu foreldrar halda áfram með viðburði og ferðir eins og verið hefur undanfarin ár. Þetta var góð leið í að fá staðfestingu á okkar hugleiðingum varðandi þessa þætti í foreldrasamstarfinu okkar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Upplýsingaflæði, sveitaferð, opið hús.	Foreldrakönnun á netinu sent í tölvupósti til foreldra	Foeldrar Skerjagarðs	Almenn ánægja með upplýsingaflæði til foreldra. Fólk vill hafa opið hús á laugardögum eins og verið hefur. Eins með sveitaferðina að hafa hana á skólatíma.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Það eru nokkrir þættir sem við viljum vinna áfram með á næsta skólaári. Það kom í ljós að við náðum ekki að klára umbótaþætti síðasta árs eins og við vildum og þess vegna ætlum við að halda áfram og bæta við þessa þætti. Við breyttum ýmsu varðandi menningu og vinnuaðferðir skólans. Við viljum yfirfara leiðbeiningarviðtöln, styrkja okkur og nýta ólíka reynslu starfsmanna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Yfirfara leiðbeiningaviðtölin og sníða þau betur eftir starfinu í dag og ólíkri reynslu starfsmanna.	Starfsfólk sé betur upplýst um vinnuaðferðir og menningu Skerjagarðs. Sníða viðtölin að yngri og eldri deild skólans. Eins að sníða þau eftir Starfsreynslu.	Að leiðbeiningarviðtölin gefi góða mynd af menningu og vinnuaðferðum skólans og allir nái að tileinka sér þær. Ólík reynsla gerir öðruvísi kröfur og eftirfylgni í starfi.	Leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri	Sept 2021	Sept 2023	Farið yfir á fagfundi og starfsþróunarviðtölum.	Þau séu hnitmiðari og fagfólki gangi betur að halda utan um spurningar sem þar koma fram.
Uppeldis- og menntastarf							
Dýpka okkur í innleiðingu á Lubba og lubbakassar/málhljóð	Gera lubbastun-dirnar áþreifanlegri og nýta kassana á báðum deildum.	Í Lubbastundum Með notkun á efnivið skólans. Og það sem verkefnastjórar eru búinir að taka saman í þar til gerða málhljóðakassa.	Hópstjórar/deildarstjórar	Haust 2022	Haust 2023	Með matsspurningu og gátlista á deildarfundum	Lubbastundir eru markvissar á báðum deildum tvisvar í viku og starfsfólk fylgi áætlun og geri lubbastundir áþreifanlegri
Mannauðu/ Leikskólabragur							
Jákvæð samskipti	Allir fái tækifæri til að tjá sig. Ná til allra starfsmanna	Í upphafi deildar-og starfsmanna funda eru allir hvattir til að tjá sig og hafa rödd.	Stjornendur leikskólans	Haust 2022	Haust 2023	Farið yfir í starfsviðtölum og leiðbeingarviðtölum og metið með starfsmönnum hvernig gengur.	Við sjáum að allir hafa rödd og finni sig öruggt í starfsmannahópnum
Innra mat							

3 Innra mat deilda

Ból

Ból sem er yngri deild leikskólans vinnur eftir hópa og svæðaskiptingu þar sem hver aldurshópur hefur ákveðin hópstjóra sem ber ábyrgð á sínum hóp hvað varðar verkefnavinnu, samverustundir, útiveru og fleira sem fellur til hverju sinni. Það var einn umbótaþáttur síðasta árs að hafa efnivið og hugmyndir sýnilegar starfsfólki og efla og bæta við hugmyndabankann okkar.

Umbótaáætlun 2021-2022:

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugmyndarbanki um efnivið og nýtingu hans á skapandi hátt	Auðvelda starfsfólki að fá hugmyndir að skapandi starfi þannig að það finni sig öruggt í vinnu með börnunum. Geti sýnt frumkvæði í starfi.	Hugmyndir teknar saman og gerður hugmynda-banki. Aðgengilegur öllum starfsmönnum Hópstjórar taka saman hugmyndir.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Á deildarfundum með fundagerðum. Starfsdegi í október með umræðum og skráningu.	Gamlar og nýjar hugmyndir í möppu. Starfsfólk sé öruggt í skapandi starfi hafi aðgang að hugmyndum um hvernig megi vinna með börnunum á fjölbreyttan hátt.

Styrkleikar:

- Starfsfólkið var óhrætt við að prófa sig áfram i nýjum verkefnum hvað varðar skapandi starf og það leitaði til hvors annars og miðlaði á milli sín hugmyndum. Fólk gat skoðað hugmyndabanka frá fyrri árum með ljósmyndaskráningum, facebook síðu starfsmanna og samtali við börnin. Þegar var rýnt í hugmyndabankavinnuna kom í ljós að hellingur var til af hugmyndum í húsi og því var hægt að bæta við þá banka sem voru til staðar. Starfsfólk var almennt ánægt með vinnu sína í hópastarfi með börnunum og er óhrætt við að kanna og uppgötva með börnunum nýjar leiðir í vinnu sinni

Tækifæri til umbóta:

- Þegar verið var að skoða hugmyndir og möppur barnanna út frá því hvað verið er að gera í dag þá kom í ljós að það mætti bæta skráningu í starfi með börnunum. Því var ákveðið að

umbótaþáttur fyrir næsta skólaár skyldi vera ljósmyndaskráningar í hópastarfi/flæði með börnunum.

Umbótaáætlun Ból 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
LjósmyndaSkráning	Gera skráningu sýnilegri með börnunum. Fylgjast með námi og leik barna og gera stundirnar sýnilegri foreldrum og kennurum	Í hópastarfi og flæði 1 sinni í viku . starfsmenn skrái niður upplifun barnanna	Hópstjórar og deildarstjóri fylgir þessu eftir.	Haust 2022	Haust 2023	Gera gátlista hvernig skráning við viljum hafa. Hvernig við myndum leik barna. Og hafa fyrirlestur um skráningu næsta haust. Farið yfir á deildarfundum með hópstjórum.	Til verður skráning með hverju barni starfið verður sýnilegra setja myndir upp á vegg 1 sinni í mánuði.

Bakki

Bakki sem er eldri deild leikskólans var lögð áhersla á að vinna markvisst með útikennslu enda bíður nánasta umhverfi Skerjagarðs upp á mikla og fjölbreytta náttúru. Á þesssu skólaári var lögð áhersla á að flétta læsi inn í útikennsluna með áherslu á orð og tölustafi. Einnig voru útikennslutöskurnar yfirfarnar með tilliti til þess. Það gekk vel að flétta útikennslu inn í daglegt starf og við þá verkefnavinnu sem tekin var fyrir hverju sinni. Farið var yfir á deildarfundum hvernig gengi að virkja útikennslu á skemmtilegan hátt og vekja áhuga barnanna með skapandi og skemmtilegum efnivið.

Umbótaáætlun 2021-2022 á Bakka.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Unnið með læsi á fjölbreyttan hátt í útikennslu. Vinna með orð og tölustafi	Útikennslutöskur þar sem verkefni verða til staðar. Tölustafir og bókstafir og annar efniviður.Ýta undir læsi í útikennslu á fjölbreyttan hátt.	Aðgengilegt efni í bakpoka sem starfsfólk þekkir og kann að nota. Nýta þekkingu sem var á útikennslunámskeiði . Virkja starfsfólk að nota efnivið úr náttúrunni til að stuðla að læsi.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	Maí 2021	Sept 2022	Farið reglulega yfir á deildarfundum. Ljósmyndaskráning/ferilsmöppur. Gátlisti.	Að við sjáum að efniviður sem hefur verið tekin saman fyrir útikennslu sé notaður á fjölbreyttan hátt.

Styrkleikar:

- Það gekk vel að fara í vettvangsferðir og nýta þau verkefni og kennslugögn sem voru tekin saman á starfsdegi síðasta haust. Skemmtilegt hvað börnunum fannst gaman að vinna með tölustafi og flokka lauf, steina, köngla og annan efnivið. Börnin lærðu líka heilmikið um hvað það var sem þau voru að skoða í náttúrunni, ýmis nöfn á, þara, skeljum og öðru sem á vegi þeirra urðu. Það sem stendur líka uppúr er hvað nátturan vekur meiri áhuga. Í útikennslunni unnum við með ritmálið t.d gera orð úr steinum og vinna í þrívídd.
- Gaman hvað var hægt flétta þessu inn í allar árstíðir t.d litafræði þegar var snjór og málað í snjóinn. Leikið með frostið, hita og kulda og ólík fuglaspor fundin. Það má segja að þessi umbótaþáttur fléttast mikið inn í læsi. Starfsfólkið var duglegt að taka með sér útkennslutöskur í útiveru og fara í vettvangsferðir.

Tækifæri til umbóta:

- Við þurfum að hafa það í huga að við þurfum að yfirfara útikennslupokana á hverju skólaári það verður gert á fyrsta starfsdegi á hverju nýju skólaári.

Umbótaáætlun Bakka 2022-2023

Við ákváðum að taka umbótaþátt næsta skólaárs út frá niðurstöðum í mati barnanna. (Sjá fylgiskjal). Það kom vel fram í mati barnanna að þau vilja hafa meira um það að segja hvernig dagurinn gengur fyrir sig varðandi flæði og matartíma. Okkur finnst gott að vera ekki að ráðast í of margar breytingar í einu og því ákváðum við að umbótaþátturinn fyrir næsta skólaár verði því lýðræði í matartímanum. Börnin vilja fá að ráða hvar þau sitja og hafa meira frelsi í matartímanum.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði í matartíma	Börnin skammta sér á diskana og velja sér sæti	Það fara fimm börn í einu niður í matsal og setja á diskana og síðan velja sér sæti. Svo koll af kolli.	Stjórnendur og kennarar deildarinnar	Haust 2022	Haust 2023	Skrá niður hvernig gengur, taka myndir, ræða á deildarfundum, taka viðtal við börnin.	Börnin hafa frelsi varðandi sætisval í matartíma og verða örugg í því að skammta sér sjálf.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslustjóri er með yfirumsjón með sérkennslunni. Starfsfólk á hvorri deild sjá um sérkennslubörnin undir handleiðslu sérkennslustjóra. Þannig komum við til móts við menntun án aðgreiningar þar sem reynt er að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni. Deildarstjórar og sérkennslustjóri hafa tekið að sér einstaklingsþjálfun þegar á þarf að halda. Hvert barn á ferilmöppu þar sem ljósmyndaskráning og frásagnir barnnanna úr daglegu starfi eru skráðar. Skráning á einstaklingskennslu er eftir hverja vinnustund og þar eru framfarir skráðar ásamt því hvað var gert hverju sinni. Einnig eru stuðst við skráningarform viðurkenndra lista þegar það á við.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS er notað þegar við þurfum að skoða betur hvar börnin eru stödd miðað við jafnaldra. Ef grunur er um frávik eru kallaðir til viðeigandi aðilar. HLJóM2 er lagt fyrir öll börn á síðasta ári leikskólagöngunnar. Niðurstöður fylgja þeim í grunnskólann. Notum orðaskil, þegar við teljum þörf á, til að glöggva okkur á orðaforða barna.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Keypt voru málörvunarefnið Lubbi finnur málbein og það innleitt í alla aldurshópa leikskólans. Keyptur aðgangur að vefsíðunni widgitonline til að auðvelda útprentun á myndum fyrir pecs Skynjunarherbergi var útbúið þar sem unnið var með leir og annan skynjunarefnivið. Kemur sér vel fyrir börn sem eiga í skynjunarúrvinnsluvanda.

- Það gekk vel að vinna með úrbótaáætlun síðasta árs, sérkennslustjóri fór yfir sérkennslubörnin á deildarfundum við reyndum að upplýsa alla í skólanum. En við verðum enþá að vinna með þennan þátt á næsta skólaári því við viljum vinna enn betur í þessum þætti.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	
Vinna markvisst með einstaklinga og litla hópa í málörvun.	Vinna betur með málþroska barna.	Aukastundir með málhljóðin Lubbi finnur málbein. Leikum og lærum með hljóðin. Ýmiskonar málörvunarspil.	Sérkennslustjóri /leikskólastjóri.	Sept 2022	Sept2023	Gátlisti. Farið yfir einstaklings-Námskrá.	Farið hefur verið með börnin 1-2 í viku í skipulagða málörvun.	

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Höfum keypt hin ýmsu málörvunarspil frá super duper. Einnig bættum við safnið af Lubbaspjöldum og bókum. Allur hópurinn fór á námskeið í Lubbi finnur málbein.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lögð er áhersla á að setja orð á allar athafnir dagsins. Sérstkalega í stundum þar sem unnið er maður á mann með börnunum, í fataherbergi, matartíma, litlum hópum í samveru, salernisferðum, á skiptiborði, og allstaðar sem tækifæri gefst til.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru nýttar til málörvunar og passað upp á endurtekningar og börnin læri þulur og söngva. Lestur bóka er reglulegur og við nýtum svokallaða sögukassa til að efla orðaforðann enn frekar. Hvetjum börnin til þátttöku í sögunum. Lubbastundir eru hluti af samverustundum og málhljóð vikunnar gerð sýnileg og æfð.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við gerum TRAS athugun á börnum og einnig styðjumst við við orðaskil ef grunur er um frávik í málþroska. Skoðum helstu aldursviðmið hvar börnin eiga að vera stödd og köllum til sérfræðinga ef þess þarf. Við gerum einstaklingsáætlanir fyrir börnin og fylgjumst með framförum þeirra með skráningum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Börnin eru hvött til virkrar þátttöku í starfi sínu með því að koma á framfæri óskum sínum og löngunum, til dæmis velja þau öðruvísi daga og reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir hvers og eins. Í sameiningu velja þau sér viðfangsefni/þemaverkefni vetrarins og hafa frjálsar hendur í þekkingaleit sinni undir handleiðslu kennara. Samverustundir eru nýttar á fjölbreyttan hátt og í frásagnartíma fær hvert barn tækifæri til tjáningar, til dæmis koma þau með hluti að heiman og segja frá þeim. Einnig fer Blær vináttubangsi heim með börnunum reglulega og þau segja frá þeirri heimsókn í samverustund.

- Við erum með umbótaáætlun fyrir skólann þar sem við vinnum með Lubbi finnur málbein Við munum leggja áherslu á lubbakassana og þá verða málhljóðin áþreifanlegri. Tengist það fjöltyngi og starfinu í heild.
- Einnig viljum við innleiða inn í starfið ,, GEFÐU 10,,. Aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10 til að auka samtal og samskipti við fjöltyngs börn.	Starfsmenn eigi frumkvæði að samskiptum og samræðu við börnin. Gefa 10 daglega eða 2 sinnum fimm.	Vinna með barninu í flæði/fataklefa Allir starfsmenn skólans nota og styðjast við leiðbeiningarbækling gefðu 10.	Stjórnendur skólans leiða kynningu og verkefnið.	Sept 2022	Sept 2022	Skráð á skráningarblað. Hverjir (börn og starfsfólk) gefa og fá ,,10,, Metið á deildarfundum einu sinni í mánuði. Myndræn skráning skoðuð útfrá samskiptum barna.	Starfsmenn þekki Gefðu 10 og hafa tileinkað sér það í starfi. Að starfsmenn skrá á skránigarblöð og sjái árangur. Að starfsmaður sýni frumkvæði í samskiptum við barnið.

6 Starfsþróunnarsamtöl og fræðsla

Við á Skerjagarði leggjum áherslu á lýðræðislegt samstarf að allir hafi rödd, hugmyndir allra í skólasamfélaginu skipta máli. Lögð er áhersla á umræður um uppeldi og nám barna í öllum starfsmannahópnum. Starfsþróunarsamtal fer fram einu sinni á ári og fá starfsmenn punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fara fram í mars-júní Leiðbeiningarviðtöl eru á þriggja til fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð. Stjórnendur skólans telja þörf á að yfirfara og aðlaga leiðbeingaviðtölin að deildunum. Við erum að vinna í því en það þarf meira en eitt skólaár til að fullklára þau.

Nýir starfsmenn/kennarar voru teknir í leiðbeingarviðtöl og það gerum við reglulega. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi.

Deildarstjórar hafa lagt sig fram um að hrósa starfsfólki sínu og hvetja það til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott.

Í starfsþróunar- viðtölunum kom það skýrt fram að þeir fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Eins kom vel fram að starfsfólk hefur áhuga á að sækja ýmis námskeið t.d sem tengjast málörvun barna og skapandi starfi. Nýir starfsmenn töluðu um að fara á Blæ námskeið og að hafa skyndihjálpanámskeið. Það kom líka fram að starfsfólk finnur sig öruggt í starfi og þekkir efnivið skólans vel. Einng kom fram að það hefur verið álag í vetur vegna veiknda, færri deildarfundir. Finnst starfsfólki mikilvægt að hafa deildarfundi reglulega, til þess að gera faglegt starf betra og það sé öruggara í starfi. Starfsfólk ánægt hvernig tókst til með Lubba og vilja dýpka sig enn meira í því.

Símenntun á síðasta ári.

Ýmis námskeið féllu niður vegna covid og annara ástæðna.

- Miðju máls og læsis. ,,Samtal um Lýðræði, sköpun og margbreytileika". 3 Kennarar.
- ,,Lubbi finnur málbein Lubbanámskeið". Allur skólinn.
- Námsferð Brighton, storytelling og Floorbook. Níu starfsmenn.
- Menntafléttan ,,Málörvun með sögum og söng". Tveir starfsmenn.
- Framhaldsnámi í stjórnun. Einn kennari.
- Vinnuréttur og kjaramál. Einn kennari.
- PECS Myndrænt Boðskiptakerfi. Einn kennari.

Áætlun um símenntun í leikskólanum.

Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaráætlun á hverju ári. Starfsþróun leikskólans fyrir næsta skólaár er að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem tengist starfi leikskólans. Við viljum hafa starfsdag tengdan málörvun barna, við eigum eftir að sjá hvað er í boði.

- Skyndihjálp.
- Menntafléttan ,,Forysta um nám og styðjandi menningu".
- Menntafléttan ,,Vísindasmiðjur með yngstu börnum í leikskóla".
- Menntakvika
- Leiklist og jákvæð samskipti.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar

Samvinna er á milli leik og grunnskóla, aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning milli skólastiga. Börnin fóru í heimsóknir í Melaskóla, sjá töflu, Niðurstöður úr Hljóm 2. Fylgja þeim í grunnskólann.

2. maí klukkan 8:45-12:00	Börnin kynnast Bókasafni skólans Kynnast Selinu frístund. Íþróttatími með fyrsta bekk.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
25. maí Skilafundur vegna barna sem eru að fara í Melaskola haust 2022	Farið yfir niðurstöður Hljóm-2 og umsögn með börnunum. .	Melaskóli.	Kennarar beggja skólastiga.

8 Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðmenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september. Vegna aðstæðna í samfélaginu vegna covid voru ekki margir fundir á þessu skólaári.

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Telma Magnúsdóttir formaður
- Katrín Ólöf Egilsdóttir gjaldkeri
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Auður Karítas Ásgeirsdóttir meðstjórnandi.
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.
- Sandra Ýr Dungdal meðstjórnandi.

Framkvæmd starfsins

- Að hafa gaman saman og foreldrar hafi tækifæri á að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Efla samvinnu og samskipti leikskólans við fjölskyldur.
- Að stuðla að góðu upplýsingastreymi til foreldra.
- Að gagnkvæm virðing ríki á milli starfsfólks og foreldra
- Standa fyrir fræðslukvöldi fyrir foreldra á hverju skólaári, reyndar ekki í ár vegna aðstæðna.
- Foreldrafélagið sér um uppákomur fyrir börnin fyrir utan leikskólatíma meðal annars, í leikskólanum (Bíó), húsdýragarðinn og sleðaferð.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið. Foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum t.d jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi 14. maí gaf foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á

sameiginlegt hlaðborð. Eins var farið í sveitaferð 3. júní með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans, farið var á Hraðastaði.

Upplýsingagjöf.

Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu, var ekki í ár. Þessar uppákomur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnast, skiptast á skoðunum og sameinar alla aðila um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, Karellen fyrir foreldra, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflum í fataklefum. Einnig hefur foreldrafélagið verið með í ráðum ef einhverjar breytingar verða á skólastarfi, þá er það lagt undir foreldraráðið.

Foreldrafundir og foreldraviðtöl

- Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra. þar sem við kynnum fyrir þeim starfið á Skerjagarði og hvernig þátttökuaðlögun er háttað. Væntingar foreldra til leikskólans eru ræddar ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um barnið. Það er gert í lok maí og byrjun júni.
- Foreldrakynning á báðum deildum er að hausti, í september. þar sem starfið og starfsfólk er kynnt. Það var ekki í ár.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á starfsári að hausti og vori.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal. Þar kemur fram að skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum.

10 Fylgigögn

Fylgiskjöl: Matsspurningar fyrir börn og kennara fyrir matartíma. Gátlisti fyrir Lubbastundir. Viðhorfskönnun til foreldra, helstu niðurstöður og sýnishorn. Matsspurningar fyrir Ból, deildarfundir og starfsdagar. Mat elstu barna á Skólastarfi. Skóladagatal.

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Stjórnendur Skerjagarðs	Dagsetning
Sóldís Harðardóttir	
Guðfinna Kristjánsdóttir	30.júní 2022

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022
Leikskólnn Skerjagarður

Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
gleði | frumkvæði | sköpun

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Telma Magnúsdóttir formaður
- Katrín Ólöf Egilsdóttir gjaldkeri
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Auður Karitas Ásgeirsdóttir meðstjórnandi.
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.
- Sandra Ýr Dungdal meðstjórnandi.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Skerjagarðs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Skerjagarðs fyrir árið 2022-2023 til yfirlestar og lýsir ráðið yfir ánægju með starfsáætlunina, yfirgripsmikið og vel unnið. Starfið sem unnið hefur verið á leikskólanum síðasta ári hefur verið faglegt og metnaðarfullt og ríkir jákvætt andrúmsloft á Skerjagarði. Þrátt fyrir óvenjulega tíma hefur starfsfólk leikskólans haldið sínu striki og lagt sig fram að hafa metnaðarfullt starf og unnið er eftir skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Unnið er útfrá áhugasviði barnanna til að efla félagsfærni þeirra og gera nám þeirra skemmtilegt og áþreifanlegt. Mikið lýðræði er á Skerjagarði, börnin taka þátt í ákvarðanatöku, virðing er borin fyrir börnunum. Það er hlustað á börnin það sést vel í matinu sem þau gerðu núna í vor. Gaman að það eigi að vinna með þá þætti á næsta skólaári. Foreldraráðið lýsir yfir mikilli ánægju með að leikskólinn hafi tekið upp þessar aðferðir að meta starfið með börnunum á hverju ári.

Foreldraráðið er ánægt með Blæ verkefnið og er ánægt hvað leikskólinn leggur mikla áherslu á vináttu og stuðlar að góðum samskiptum á milli barnanna.

Stjórnin er ánægð með hvað vel hefur tekist að vinna með Lubba á þessu skólaári, verkefnið skilar sér vel heim til barnanna, það er metnaður í að stuðla að betri málþroska barna. Við vitum alltaf hvaða málhljóð er tekið fyrir hverju sinni upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott.

Útikennsla er góð á Skerjagarði farið er í vettvangsferðir og unnið með nánasta umhverfi. Unnið er með umhverfismennt börnin læra að bera virðingu fyrir náttúrunni. Stjórnin er ánægð hvað börnin eru virk í útiveru og mikið gert af skemmtilegum hlutum þar. Foreldaráð lýsir yfir ánægð með hvað unnið er gott starf í útiveru.

Samskipti foreldra og starfsmanna er mjög góð. Foreldrar finna fyrir að starfsfólk kemur vel fram við börnin og þeim er sýnd virðing. Upplýsingaflæði er almennt gott og í gegnum karellen fá foreldrar myndir úr leik og starfi. Stundaskráin er góð leið til fylgjast með hvað er verið að gera hverju sinni og um hina ýmsu viðburði. Foreldrar tóku þátt í foreldrakönnun, foeldraráðið finnst gott að geta haft um ýmsa hluti að segja eins og opið hús og annað.

Starfsáætlunin lýsir vel því starfi sem hefur verið í vetur, mikil metnaður og faglegt starf er á Skerjagarði. Foreldraráð er þákklátt fyrir framúrskarandi leikskólastarf alltaf einstaklega vel tekið á móti börnunum og allir leggja sig fram við að láta börnunum líða vel í skólanum.

Fyrir hönd foreldraráðs Telma Magnúsdóttir

LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST